

ásamt dómvöxtum frá 14. janúar 1987 til 14. apríl 1987 og dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 168/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Árna Óla Friðrikssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Tilraun til nauðgunar. Líkamsárás. Skilorðsrof.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. maí 1987 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess aðallega að brot ákærða verði virt til viðurlaga eftir ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing lækkuð. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms að því er refsingu varðar. Jafnframt er þess krafist að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 18. september 1986 komi til frádráttar refsingu hans, en frá þeim degi hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi óslitið.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhald ákærða, Árna Óla Friðrikssonar, óslitið frá 18. september 1986 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. apríl 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 14. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 273/1987: Ákærvaldið gegn Árna Óla Friðrikssyni, sem tekið var til dóms þann 27. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. febrúar sl. gegn ákærða Árna Óla Friðrikssyni bifreiðarstjóra, Reykási 23, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1956 í Neskaupstað, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 13. september 1986 ráðist á konuna X, fædda ... 1955, sem var hreyfihömluð, þar sem þau voru stödd í íbúð hennar nr. 8 á 5. hæð í C-álmum að Hátúni 12 í Reykjavík, fellt hana í gólfið og barið höfði hennar nokkrum sinnum í gólfið og fært hana úr fötum, er ákærði hugðist hafa við konuna samfarir þrátt fyrir óvilja hennar, en ákærði féll síðan frá því er hún reyndist með blæðingar. Yfirgaf ákærði síðan konuna líflitla eftir að hafa veitt henni höfuðhögg sem leiddu hana til dauða, en komið var að henni látinni um það bil 1½ sólarhring síðar.

Telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 - til vara við 2. mgr. 218. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga - svo og við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### Málsatvik:

Sunnudaginn 14. september sl. um kl. 17:55 var lögreglan í Reykjavík kvædd að Hátúni 12 hér í borg. Í íbúð 8 á 5. hæð C-álmum voru fyrir tveir

sjúkraflutningamenn sem vísuðu lögreglumönnum á látna konu, X, fædda ... 1955, sem þar var til heimilis. Lá hún í stofu íbúðarinnar undir sæng sem hafði verið breidd yfir hana. Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á staðinn, svo og Skúli Johnsen borgarlæknir og Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði.

Á staðnum var faðir hinnar látnu, A. Hann kvaðst hafa byrjað að hringja til dóttur sinnar um hádegisbilið, en svo hafi virst sem síminn væri á tali. Hafi hann þá farið á staðinn til að kanna hverju þetta sætti og komið að henni í þeim stellingum sem hún var í er lögreglan kom á staðinn. Hann hafi engu hróflað við að öðru leyti en því að hann klæddi líkið úr annarri buxaskálminni. Símtólið hafi ekki legið á símtækinu, en úr símanum hafi hann hringt. Húsvörðurinn að Hátúni 12, Páll Júníus Pálsson, opnaði íbúð hinnar látnu að beiðni A og hringdi í framhaldi af því í lögreglu og sjúkralið.

Húsvörðurinn hefur skýrt svo frá að hann hafi fengið símhringingu um kl. 17:30 frá einum íbúa hússins og var beiðinn um að opna íbúð X, þar sem menn voru að koma með húsbúnað í íbúð hennar, en ekki var svarað. Fór hann þá og opnaði íbúðina fyrir föður X, en með honum var annar maður og tvö börn. Faðir hennar hafi sagt að hann hefði árangurslaust reynt að hringja til dóttur sinnar og hélt að hún væri ekki heima. Skömmu eftir að faðirinn fór inn í íbúðina kom hann aftur og sagði stúlkuna látna. Vitnið fór aldrei inn í íbúðina og sá því ekki lík stúlkunnar.

Í skýrslu Guðmundar Guðmundssonar lögreglufulltrúa, sem kom á staðinn, segir m.a.: „Á herbergisgólfinu lá konulík á bakinu og vissi höfuð á austur og vinstri vangi niður. Fætur voru beinir og hendur niður með síðum. Áverki var á hnacka líksins og blettur á gólfteppi þar í kring. Líkið var einungis klætt í hvíta ökklassokka, svarta nærpeysu og rauða skyrtu. Að öðru leyti var líkið nakið. Peysan og skyrtan virtust hafa verið dregin upp fyrir brjóstin. Til hliðar við líkið voru svartar síðbuxur og innan í þeim hvítar nærbuxur. Hvít sæng (rúmteppi) var breidd yfir líkið. Trúlega er sængin úr rúmi, sem er í svefnkróknum.“ Þá er í skýrslunni haft eftir ofangreindum sjúkraflutningamönnum, sem fyrstir komu á vettvang ásamt lögreglu, að húsvörðurinn hafi vísað þeim á líkið. Hafi verið breitt yfir það nema höfuð og vinstri handlegg. Líkið hafi verið klæðlaust fyrir neðan mitti. Þeir hafi engu hreyft við á vettvangi að öðru leyti en því að annar þeirra notaði símann.

Guðmundur Guðmundsson og Sigurbjörn Viðir Eggertsson lögreglufulltrúar og Einar Karl Kristjánsson lögreglumaður hafa staðfest skýrslur sínar, sem framangreind frásögn byggist á, fyrir dómi.

Vitnið B, sem var í fylgd með tengdaföður sínum, A, er hann kom á vettvang, hefur skýrt svo frá að þeir hafi ætlað í íbúð X með húsgögn.

Áður var reynt að ná símsambandi við hana, en hún svaraði ekki, en síminn var alltaf á tali. Húsvörðurinn opnaði fyrir þeim íbúðina, þar sem ekki var opnað er þeir knúðu á dyr. Þegar hann kom inn í íbúðina á eftir tengdaföður sínum og húsvörðinum hafi X legið á gólfinu og sæng yfir henni upp að hálsi, þannig að aðeins sást í höfuðið. Faðir hennar hafi lyft upp höfði hennar og þeir þá strax séð að hún var látin. Segir hann að X heitin hafi legið svo sem ljósmyndir tæknideildar rannsóknarlögreglu sýna þegar hann og tengdafaðir hans komu á staðinn. Hún hafi sýnilega verið látin og með áverka á höfði og blóðpollur á gólfinu, svo sem myndirnar sýna. Sængin hafi verið yfir henni eins og fram kemur á myndinni. Þeir hafi ekki hreyft við líkinu að öðru leyti en því að tengdafaðir hans hafi lítillaga hreyft við buxunum á líkinu, þ.e. fært hana úr þeim. Hann gerði sér ekki grein fyrir hvort X heitin var nýlátin eða ekki, en blóðblettur var á gólfinu, sem virtist vera þornaður.

Samdægurs og næstu daga gerðu rannsóknarlögreglumenn ítarlega vettvangsrannsókn í íbúðinni, m.a. var íbúðin teiknuð upp og ljósmynduð, en skýrslur sínar um hana hafa þeir staðfest fyrir dómnum. Um vettvangsrannsókn í stofu segir m.a. í skýrslu þeirra: „Við norðurvegg í stofunni eru 5 plastpokar, með brúnu sætaáklæði. Ofan á einum pokanum eru svartar, ljósyryttar kvenbuxur og ofan á þeim kvennærþaxur með blóðbletti í klofbót. Við hlið pokans er rauðbleik þrjónapeysa með svörtum langröndum. Peysan er í kuðli og hefur hægri ermi verið dregin innfyrr. Tveir svartir, uppreimaðir leðurskór, með leðursóla og svörtum gúmmihæl, eru þarna á gólfinu. Þarna er einnig bleikur bómullarnærþolur. Saman-kuðluð gluggatjöld eru á gólfinu, ritvél með plastrykhlíf yfir og lampi með skerm stendur í horninu við gluggavegginn.

Á hvítmáluðum veggnum eru margar svartar rákir, áþekkt því að ítrekað hafi verið spyrnt í hann með skófatnaði, sem skilur eftir sig slíkar rákir.

Framan á gólfinu eru tveir blóðblettir og er annar bletturinn nokkuð stærri, þ.e. sá sem nær er gluggavegg. Á svæðinu við blóðblettina má greina nokkra ljósa bletti, sem ætla má að séu eftir hörund, sem núist hefur við snöggt nælonteppið, sem þekur gólfið í íbúðinni.“

Í skýrslu tæknideildar rannsóknarlögreglu um vettvangsrannsóknina kemur m.a. fram að á miðstöðvarofni í stofu í norðausturhorni íbúðarinnar fundust sjö smáir blóðblettir svo og tveir á vegg hornrétt við ofninn. Allir gáfu jákvæða svörun við blóðprófi. Voru blettirnir mældir, merktir og ljósmyndaðir. Þá var á norðurvegg íbúðarinnar svæði, sem mældist 70 cm langt, 45,5 cm á hæð og 8,5 cm frá gólfi og 158 cm frá norðausturhorni íbúðarinnar. Á þessu svæði voru dökkar strokur (sparkfö), sem gætu verið eftir skó. Svæði þetta var mælt og ljósmyndað.

Þá var einnig gerð ítarleg leit í íbúðinni að einhverju sem gæti skýrt

höfuðáverka á líkinu, en án árangurs. Leit var gerð í sorppoka í eldhúskrók og sorptunnum hússins sem nýlega höfðu verið tæmdar, einnig án árangurs.

Fingrafararannsókn var framkvæmd á vettvangi, en fingraför þau eða fingrafarapartar sem fundust voru að mestu óhæfir til samanburðar. Þó fundust fingraför á glösum sem reyndust vera af vinkonu X, Guðbjörgu Kristínu Eiríksdóttur, sem heimsótti hana föstudagkvöldið áður. Leitað var m.a. fingrafara á Þjórdós, sem lá beygluð á gólfi undir stofuglugga um 30 cm frá höfði hinnar látnu, en án árangurs.

Við athugun á fatnaði hinnar látnu, sem var ljósmyndaður, sáust blóðblettir á utanyfirblússu framanverðri, á dökkleitum síðbuxum mátti sjá stóra ljósa flekki að framan, aftan og á hliðum, og voru fötin krumpuð og velkt. Á leðursólum leðurklossa sem stúlkán hafði verið í mátti sjá hvít strik.

Rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu fjölmarga íbúa að Hátúni 12 þennan sama dag og hafði enginn þeirra orðið var við hina látnu frá því föstudagskvöldið áður. Tveir íbúanna urðu varir við hávaða milli kl. 3:00 og 5:00 aðfaranótt laugardagsins, líkt og stappað væri í gólf, en þeir áttuðu sig ekki á hvaðan sá hávaði kom.

Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að föstudagskvöldið 12. þessa mánaðar var haldið kveðjuhóf í félagsheimili Sjálfsbjargar á 1. hæð Hátúns 12. Að hófinu stóðu skrifstofufólk og annað starfsfólk á 1. hæð hússins svo og starfsmenn ferðaþjónustu fatlaðra. Fjöldi fólks sem var í hófi þessu var yfirheyrð. Í ljós kom að X heitin slóst í hóp veislugesta skömmu áður en hófinu lauk um miðnætti. Um það leyti héldu flestir í veitingahúsið Hrafninn í Skippholti, þeirra á meðal X. Um þrjú til hálfjögur um nóttina hélt hluti af hópnum á ný í félagsheimilið í Hátúni 12 og var farið í þrem bifreiðum. Var X þeirra á meðal.

Fljótlega beindist grunur að ákærða, Árna Óla Friðrikssyni, þar sem hann var sá síðasti sem sást með hinni látnu. Var hann handtekinn árla morguns miðvikudaginn 17. september.

Verður nú rakinn framburður nokkurra ofangreindra veislugesta sem voru á skemmtistaðnum Hrafninum og síðar um nóttina í félagsheimilinu í Hátúni 12.

Vitnið Hrönn Guðbjartsdóttir, 19 ára verslunarskólanemi, skýrði svo frá að hún hafi verið samferða X í bifreið frá Hrafninum um nóttina. Með þeim í bifreiðinni voru Lýður Hjálmarsson, Elísabet og Kolbeinn. Þegar í Hátúnið kom var þar fyrir Jóhann Pétur Sveinsson sem beið þeirra í anddyrinu ásamt fleira fólki. Hópurinn, sem var um 10 manns, fór inn í félagsheimilið og var X á meðal þeirra. Hún var hljóðlát og bar lítið á henni, og veitti Hrönn henni ekki frekari athygli. Í hópnum var einnig ákærði sem hún sá þarna í fyrsta skipti og var hann „töluvert fullur“. Þau höfðu

verið þarna í góða stund, líklega innan við klukkustund, þegar Hrönn og Jóhann Pétur fóru í herbergi á 4. hæð til að sækja meira áfengi, og þegar þau komu til baka var X þar enn, en ekki veitti Hrönn því athygli þegar hún fór. Í lokin voru þarna eftir ásamt henni Lýður, Jóhann Pétur, Kolbeinn, Sigurður Björnsson og Guðríður Ólafsdóttir. Þau Kolbeinn yfirgáfu húsið um kl. 05:30, en áður en þau fóru gengu þau fram á Theodór Jónsson, sem sat í hjólastól fyrir framan lyfturnar, og óku honum upp á 4. hæð.

Vitnið Kolbeinn Konráðsson, 24 ára nemi, minntist þess að hafa séð bæði X og ákærða í Hrafninum áður en haldið var á ný í Hátún 12 um nóttina. Hann bar á sama veg og Hrönn um ferð þeirra í Hátúnið, en minntist þess ekki að X hefði verið þeim samferða. Hins vegar mundi hann eftir henni í gleðskapnum um nóttina, en taldi að hún hefði haft þar stutta viðdöl. Hann taldi að þau Hrönn hafi yfirgefið Hátúnið um kl. 06:00 um morguninn. Áður en þau fóru rákust þau á Theodór Jónsson fyrir utan lyftuna og virtist hann sofa í hjólastólnum. Fóru þau því með hann upp á 4. hæð til Lýðs og skildu hann þar eftir.

Vitnið Lýður Sigurður Hjálmarsson, 29 ára nemi, minntist þess ekki að hafa orðið var við X eftir að farið var frá Hrafninum. Hins vegar hafi ákærði verið með hópnum í félagsheimilinu skömmu eftir að þangað kom ásamt því fólki sem komið hefur fram í skýrslum ofangreindra vitna. Hann hafi ekki veitt ástandi hans athygli, en sjálfur var hann næstum allsgáður. Hann minntist þess að Hrönn og Jóhann Pétur fóru upp á 4. hæð og sóttu meira áfengi. Hann minntist þess ekki að hafa orðið ákærða var síðar um nóttina. Það hafi verið skömmu fyrir klukkan 06:00 að hann fór upp á 4. hæð með þeim Jóhanni Pétri, Hrönn og Kolbeini, og þá hafi allir verið farnir úr félagsheimilinu.

Vitnið Sigurður Björnsson, 25 ára skrifstofumaður Sjálfsbjargar, skýrði svo frá að hann hafi neytt lítillaga áfengis í hófinu og síðar um nóttina. Ákærði hafi verið orðinn valtur á fótum í gleðskapnum um nóttina. X hafi verið í hópi þeirra í félagsheimilinu um nóttina, en hann minntist þess ekki að hún hafi gefið sig á tal við ákærða. Theodór og ákærði komu í dyragættina á félagsheimilinu og var Theodór þá orðinn mjög drukkinn og óviðræðuhæfur. Vildi ákærði fá þau hin með sér upp á efri hæð hússins í gleðskap, en þau hafi ekki tekið undir þetta, en X fór með ákærða og Theodóri. Eftir þetta sá hann hvorki X né ákærða, en skömmu síðar sá hann Theodór í hjólastólnum á 1. hæð, þ.e. á sama gangi og félagsheimilið er. Skömmu síðar um kl. 04:30 - 05:00, að því er hann taldi, yfirgaf hann samkvæmið og sofnaði skömmu síðar í herbergi á 4. hæð.

Vitnið Jóhann Pétur Sveinsson, 27 ára lögfræðingur, skýrði svo frá að hann hefði hitt X heitina umrætt föstudagskvöld og boðið henni að slást

í hóp þeirra sem ætluðu í Hrafninn. Þangað hafi hún komið en hann muni síðast eftir henni fyrir utan veitingahúsið. Hann kvaðst ekki geta fullyrt hvort hann sá hana eftir það, en ef svo hefði verið myndi hann ekki eftir því. Ákærði hafi verið orðinn talsvert drukkin á Hrafninum og var drykkju haldið áfram í félagsheimilinu um nóttina. Hann minntist þess að hann og Hrönn fóru upp á 4. hæð um kl. 04:00 til að sækja meira áfengi, en þegar þau komu við svo búin niður á ný voru einhverjir farnir, a.m.k. Atli Sævar og Jóhann Gunnar. Eftir þetta hafi hann séð Theodór og ákærða í anddyrinu á félagsheimilinu og var Theodór þá orðinn ofurölvi. Ákærði hafi verið að reyna að fá þau sem eftir voru í „party“ upp í herbergi Theodórs, en enginn tók undir það. Sjálfur nennti hann ekki, enda orðinn þreyttur. Skömmu síðar fór hann upp í herbergi sitt á 4. hæð ásamt Lýð, Kolbeini og Hrönn, en gleðskapurinn stóð fram undir kl. 06:00.

Hann kvað þau X hafa verið kunningja í mörg ár og þá sérstaklega í gegnum félagsstörf í þágu fatlaðra.

Vitnið Theodór Jónsson, 47 ára forstöðumaður dvalarheimilis Sjálfsbjargar, hefur skýrt svo frá að hann hafi tekið þátt í ofangreindum gleðskap. Hann hóf vindykkju í hófinu á föstudagskvöldið og hélt áfram drykkju fram eftir nóttu. Hann mundi eftir þeim X og ákærða á meðal þeirra í Hrafninum, en ekkert nánar og gat ekki borið um ástand ákærða þá eða síðar. Var hann mjög drukkin er hann kom á ný í Hátúnið og mundi hvorki eftir X né ákærða þar. Hann minntist þess óljóst að hann var beðinn um að koma í gleðskap annars staðar í húsinu, en því neitaði hann.

Hann hafi rankað við sér á stigapalli 1. hæðar andspænis lyftuhurðum, en sofnaði aftur og rankaði þá við sér á stigapalli 2. hæðar á móts við vestari lyftuna. Leit hann þá á klukkuna, sem var 05:40 eða 05:45. Einmitt þá voru Kolbeinn og Hrönn á leiðinni í lyftuna. Þá fór hann upp á 4. hæð og hitti þá Jóhann Pétur.

Vitnið Guðríður Ólafsdóttir, 41 árs fulltrúi hjá Sjálfsbjörg, kveðst hafa verið orðin nokkuð drukkin á Hrafninum, en þar hafi bæði X og ákærði verið. Ákærði var búinn að bragða áfengi en ekki treysti hún sér til að bera um ástand hans. Hún var samferða Atla Grétarssyni, starfsmanni ferðapjónustu fatlaðra, í Hátúnið, og þar ræddu þau saman einslega í 30 - 45 mínútur. Eftir það fór hún í félagsheimilið og sá þá nokkra úr hópnum, en ákærði og X voru ekki meðal þeirra. Skömmu síðar læsti hún og slökkti og taldi að þá hefðu allir verið farnir. Áliðið var nætur þegar hún fór, en hún vissi ekki hvað klukkan var.

Vitnið Atli Sævar Grétarsson, 28 ára bifreiðarstjóri ferðapjónustu fatlaðra, kvaðst hafa farið fótgangandi í Hrafninn með ákærða og fleira fólki. Vitnið var talsvert ölvaður á skemmtistaðnum. Á leiðinni í Hrafninn

sagði ákærði að hann ætlaði að bjóða vitninu og félaga þess upp á glas. Ákærði gaf vitninu í glas er þangað kom, en ekki félaganum. Skömmu síðar keyptu þeir félagarnir áfengi og hittu ákærða. Sagði félaginn við ákærða eitthvað á þá leið að þarna væri maðurinn sem ætlaði að bjóða þeim upp á glas. Tók vitnið undir þetta og reiddist ákærði mjög. Tók hann bæði glösin og skvetti úr þeim í reiði sinni. Í framhaldi af því bauð ákærði þeim á barinn upp á glas. Skömmu síðar hratt ákærði stól í reiði sinni, en vitninu tókst að róa hann. Ákærði var orðinn talsvert ölvaður er þetta var og ræddi um það grátandi að allir ætluðust til svo mikils af sér og gerðu til hans kröfur sem þeir héldu að hann gæti ekki staðið við. Fljótlega hafi ákærði þó róast. Kom það vitninu á óvart hve ákærði reiddist snögglega miðað við kynni sín af honum. Vitnið minntist þess ekki að hafa séð X eftir að hann kom á ný í Hátúnið og sá ákærða aðeins í svip áður en hann fór á eintal við Guðriði, en að því loknu fór hann heim, en vissi ekki um hvaða leyti.

Í beinu framhaldi af handtöku ákærða var hann færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, svo og samdægurs fyrir dóm. Hann kvaðst hafa farið að Hátúni 12 ásamt fleira fólki aðfaranótt 13. september sl. Hann fór upp á 2. hæð með Theodóri Jónssyni, þar sem þeir náðu í bjór. Síðan fóru þeir aftur niður í félagsheimilið. Seinna fóru þeir í lyftu og ætluðu upp í herbergi Theodórs og mundi hann þá eftir stúlku við lyftuna sem varð þeim samferða. Theodór varð viðskila við þau á 2. hæð, en stúlkan bauð ákærða að koma lengra upp, sem hann gerði. Stúlkan bauð honum inn til sín og þar drukku þau bæði bjór, spjölludu og létu vel hvort að öðru. Síðan komst hann að því að stúlkan var með blæðingar og ætlaði þá að fara út. Tók hún þá í hönd hans, en hann ýtti við henni og hún datt. Hann náði þá í eitthvað til að breiða yfir hana áður en hann fór úr íbúðinni, en kannaði ekki ástand hennar áður en hann fór og taldi hann að hún hefði andað. Ekki kannaðist hann við að til frekari átaka hafi komið í íbúðinni. Hann kvaðst ekki hafa þekkt stúlkuna áður og minntist þess ekki að hann hefði talað við hana fyrr um kvöldið.

Við frekari yfirheyrslur bætti ákærði smám saman við fyrri framburð sinn um atburðina í íbúðinni.

Hefur hann síðan skýrt svo frá að hann hafi neytt töluverðs áfengis í félagsheimilinu á 1. hæð í Hátúni 12 frá því er hann kom þangað um kl. 19:00 og þar til hann fór upp úr miðnætti með þeim Atla Sævari, Halldóri og að hann minnir Jóhanni Pétri fótgangandi í skemmtistaðinn Hrafninn. Jóhann Pétur sé fatlaður og hafi verið í hjólastól. Hann hafi dvalið á Hrafninum ásamt félögum sínum hjá ferðapjónustunni og starfsfólki skrifstofu Sjálfsbjargar fram eftir nóttu. Þar hafi hann drukkið nokkur glös af sterku áfengi og var hann orðinn talsvert ölvaður og man lítið eftir sér

þarna á staðnum, en man að hann gekk eitthvað um og einnig rabbaði hann við samstarfsfólkið sem sat saman við borð. Hvorki minnst hann þess að hann hafi séð X í þessum hópi né að hann hafi gefið sig á tal við hana þarna á skemmtistaðnum. Klukkan hafi verið ca 03:30 eða eitthvað að ganga 04:00 er hann yfirgaf skemmtistaðinn. Fyrir utan hitti hann kunningja sinn sem ók honum ásamt Atla Sævari, Guðríði, starfsmanni á skrifstofunni, og Jóhanni Pétri aftur að Hátúni 12 þar sem gleðskapnum var haldið áfram í félagsheimilinu. Áfengi var þar haft um hönd, hlustað á hljómplötur og rabbað saman. Ákærði man eftir að þar voru Theodór Jónsson, Sigurður Björnsson, Lýður Hjálmarsson, Atli Sævar Grétarsson, Jóhann Gunnar og Guðríður og fleira fólk, en ákærði man aðallega eftir ofangreindu fólki. Hann hélt áfram að drekka áfengi, en hversu mikið man hann ekki, en það hafi verið nokkur glös. Hann var orðinn nokkuð drukinn og man lítið eftir sér. Þarna fyrst man hann eftir að hafa tekið eftir X á meðal fólksins. Kannaðist hann við hana í sjón úr mötuneytinu en var ekki málkunnugur henni. Hann vissi að hún var hreyfihömluð, þ.e. hún átti erfitt með að hafa vald á hreyfingum sínum og edlilegum gangi. Hann var í félagsheimilinu þó nokkra stund, a.m.k. til klukkan 04:00. Um það leyti fóru þeir Theodór upp í herbergi hans á 2. hæð til að sækja meira að drekka. Þeir sóttu 2 dósir af Heineken bjór, eina fyrir hvorn. Þeir stöldrúðu ekkert við í herberginu en fóru strax aftur niður í félagsheimilið. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir hversu lengi hann var í félagsheimilinu eftir að þeir Theodór komu aftur niður, en hann hafi drukkið þarna eitthvað meira af sterku áfengi. Theodór hafi beðið hann að hjálpa sér upp í herbergi sitt því hann ætlaði að fara að sofa. X heitin hafi komið með þeim, en ákærði man ekki hvernig það atvikaðist. Hann rámar í að hann hafi beðið X að koma með þeim, en þorir ekki að fullyrða þetta. Þau þrjú hafi síðan tekið lyftuna upp á 2. hæð, þar sem þau skildu Theodór eftir í hjólastólnum skammt frá lyftudyrnum. Ekki man ákærði hvernig það atvikaðist að hann fór með X í lyftunni upp á 5. hæð. Hann telur frekar að hann hafi átt hugmyndina. Að beiðni X opnaði hann dyrnar að íbúð hennar þar sem hún átti sjálf í vandræðum með lykllana, en sjálf opnaði hún með lykli dyrnar inn í ganginn þar sem íbúð hennar var. Ákærði man ekki hvað þeim fór á milli á leiðinni, en hann hafi farið með henni inn í íbúðina með hennar samþykki. Eftir að þau komu inn í íbúðina fór X inn í skáp í eldhúsinu og náði sér í bjórdós og opnaði hana. Hann hafi hins vegar enn verið með bjórdósina sem Theodór gaf honum, og annað áfengi hafi ekki verið drukkið í íbúðinni. Í framhaldi af þessu settust þau X á einhverja púða eða poka við vegg í eldhúskróknum, sem er hægra megin þegar komið er inn úr anddyrinu. Í fyrstu töluðu þau saman nokkra stund, en síðan fór hann að láta vel að stúlkunni og virtist hún ekkert hafa á móti því,

en þegar hann gerðist áleitnari og fór að hneppa frá henni blússunni bað hún hann um að hætta og stuggaði við honum. Hann hélt þó uppteknum hætti og byrjaði hún þá að sparka og öskra. Hélt hann þá vinstri hendinni um hendur hennar og tók utan um hana með hægri hendinni. Reyndi hann einnig að hneppa frá buxnastreng hennar, en hún barðist um með höndunum og hélt áfram að sparka. Tók hann með vinstri hendi um báðar hendur hennar og tók um leið fyrir munn hennar með þeirri hægri til að koma í veg fyrir að hún öskraði. Einnig reyndi hann að varna því að hún gæti sparkað með því að setja hægri fótinn yfir fætur hennar. Þá hætti hún að berjast um og ýtti við honum. Ákærði lét sig þá síga niður á gólfið með stúlkunni og hélt henni eins og áður og sneru fætur þeirra þá að eldhúsinnréttingunni. Stúlkann hélt áfram að öskra og berjast um og þá sleppti hann henni. Hún náði að standa á fætur en hann tók þá um báða fætur hennar og dró þá að sér og skall hún þá aftur fyrir sig með höfuðið í gólfið. Fór hann þá að hneppa frá henni buxnastrengnum og toga niður um hana nærbuxur og utanyfirbuxur en hún streittist á móti og sparkaði. Vel geti verið að hún hafi sparkað í vegginn sem þau sátu áður við. Þessu næst settist ákærði klovvega yfir hana þar sem hún lá á gólfinu en hún streittist einnig á móti og öskraði. Sagði hann henni að hætta og tók um leið með báðum höndum um höfuð hennar utan um eyrun og skellti höfðinu á henni tvisvar í gólfið. Ákærði taldi að hann hafi ekki gert það oft, en í síðustu yfirheyrslu yfir honum fyrir rannsóknarlögreglu kvaðst hann hafa slegið höfði hennar í gólfið nokkrum sinnum, tvisvar eða þrisvar. Eftir þetta lá stúlkann hreyfingarlaus. Hann hafi þá haldið áfram þeirri fyrirætlun sinni að komast yfir stúlkuna og klæddi hana því úr báðum skónum til að koma henni úr buxunum. Þá færði hann hana úr nærbuxum og annarri skálm á utanyfirbuxum. Þegar hann hafði fært hana úr að neðanverðu fór hann með hendina inn í kynfæri hennar en varð þess þá var að hún var með blæðingar. Hætti hann þá við að hafa við hana samfarir. Hún lá enn hreyfingarlaus, en hann gekk að eldhúsvaskinum og skolaði blóð af höndunum og ætlaði við svo búið að yfirgefa íbúðina. Þegar hann var kominn ca á mótis við mót stofunnar og anddyrisins var hún að rísa upp og ýtti við honum eins og hún vildi koma honum út. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því að hún hafi þá verið blóðug eða með áverka, þó svo geti hafa verið. Ákærði sneri sér þá við og ýtti frekar fast með báðum höndum við stúlkunni en gat ekki lýst nánar með hverjum hætti. Skall hún aftur á bak og lenti kylliflöt á gólfinu, en hvort hún skall þá með höfðuðið í gólfið man ákærði ekki, en hann hafi einnig dottið með henni í fallinu og lent ofan á henni. Um frekari átök hafi ekki verið að ræða. Stóð hann upp og ætlaði út en náði áður í sæng til að skilja hana ekki eftir nakta og breiddi yfir hana og kraup um leið með vinstra hnéd við höfuð hennar.

Kvaðst hann ekki vita hvort hann varð var við blóð við höfuð hennar þegar hann kraup niður að henni eða þegar hann stóð upp eftir fallið eða hvort það var fyrst er hann varð var við blóð í buxum sínum og hálsbindi þegar hann vaknaði daginn eftir, sem hann áttaði sig á að blóðblettir voru við höfuð stúlkunnar. Ákærði bar fyrir rannsóknarlögreglu að hann hafi orðið var við blóðblettina þá er hann kraup að höfði hennar, en ákærði gat fyrir dómi ekki fullyrt þetta. Hann varð ekki var við frekari ummerki blóðs. Hann heyrði að stúlkan andaði eftir að hann stóð upp, en jafnframt gaf hún frá sér sársaukastunur. Taldi ákærði þá að hún væri meðvitundarlaus og yfirgaf íbúðina við svo búíð. Hann kvaðst hvorki hafa gætt að því hvort hún væri með áverka né gengið frekar úr skugga um ástand hennar eftir þessi átök.

Ákærði neitaði því að hann hefði beitt barefli eða öðrum hlutum í átökunum og kveðst ekki minnst þess að hafa slegið stúlkuna eða beitt hana frekara harðræði en hann hefur þegar lýst. Kveðst hann enga frekari skýringu geta gefið á áverkum þeim sem voru á líkinu nema e.t.v. að stúlkan hafi rekið höfuðið í eitthvað þegar þau voru í átökunum á gólfinu eða hún orðið fyrir einhverju er hún féll í gólfið. Hins vegar mótmælti hann því ekki að hann hafi verið valdur að þeim áverkum, sem á líkinu voru er það fannst, en ákærða voru sýndar ljósmyndir af því. Hann taldi að höfuð stúlkunnar hafi legið með þeim hætti, sem ljósmyndir tæknideildar rannsóknarlögreglu sýna, er hann yfirgaf hana.

Þá er ákærði yfirgaf íbúðina fór hann niður stigaganginn og sótti jakka sinn á 1. hæðinni. Þar hringdi hann í leigubifreið sem ók honum heim. Taldi hann að klukkan hafi verið langt gengin 06:00 er heim kom. Þegar hann vaknaði um hádegisbilið tók hann eftir að lófastór blóðblettur var á vinstri buxnaskálm við hné á buxum þeim, sem hann var í um nóttina. Þá voru líka blóðblettir í hálsbindi því, sem hann hafði verið með. Setti hann fötin við svo búíð inn í fataskáp. Þennan dag vann hann frá klukkan 13:00 - 24:00 í ferðaþjónustu fatlaðra. Honum leið mjög illa þar sem hann hugsaði sífellt um líðan stúlkunnar, enda gerði hann sér grein fyrir því að hún hefði slasast, en hann gerði sér ekki grein fyrir hversu alvarlegt málið var. Honum varð ekki svefnssamt aðfaranótt sunnudagsins, en á sunnudagsmorgun fór hann í Laugardalshöll til að aðstoða við hjólastólarall. Var hann þar til klukkan 19:00 og vonaðist hann til að sjá X þarna, þar sem stöðugt leitaði á hann hugsunin um atburði næturinnar. Hann íhugaði að fara til hennar næstu daga og biðja hana fyrirgefningar, en úr því hafi ekki orðið. Það var svo, svo sem áður er lýst, á mánudaginn, sem hann frétti lát hennar. Honum hafi ekki boðið í grun fram að því að hún hefði látist og hann hafi ekki hugsað út í að hringja í lögreglu eða á annan hátt að kanna ástand stúlkunnar.

Þann 17. september fóru rannsóknarlögreglumenn með ákærða á heimili hans og tóku þar fatnað til rannsóknar að tilvísan ákærða, sem hann kvaðst hafa verið í þessa nótt. Í yfirheyrslu þann 26. september kvaðst hann hins vegar hafa látið buxur þær sem hann var í þessa nótt í hreinsun og afhenti rannsóknarlögreglumönnum miða á efnalaug þá, sem hann fór í. Þegar þær voru sóttar höfðu þær verið hreinsaðar ásamt hálsbindi, sem greina mátti bletti í. Ekki var unnt að beita blóðprófunaraðferðum tæknideildar rannsóknarlögreglu á þessum fatnaði, þar sem hann hafði verið efnahreinsaður. Ákærði viðurkenndi að hann hefði verið í þessum fatnaði umrædda nótt, en næsta þriðjudag hefði hann farið með hann í hreinsun.

Sama dag og ákærði var handtekinn fór fram líkamsskoðun og sýnataka af ákærða. Samkvæmt skýrslu tæknideildar og ljósmyndum hennar svo og læknisvottorði Sigurðar Árnasonar fangelsislæknis, sem skoðaði ákærða sama dag, voru tveir marblettir á innanverðum upphandlegg, gulgrænir, nokkra daga gamlir, án eymsla, ca 1,5 x 1,5 cm og 2,5 x 2,5 cm. Sams konar marblettur ca 3,5 x 3,5 cm var á brjóstvöðva vinstra megin. Ekki var unnt að merkja hvers konar áverki hafði valdið þessu mari. Þá voru fleiður á báðum olnbogum og fótleggjum fyrir neðan hné. Ákærði kvaðst ekki vita hvernig hann fékk marblettina eða fleiðrin.

Vitnin Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, 20 ára, Þórey Guðmunda Guðmundsdóttir, 18 ára, og Hulda Mekkín Hjálmarsdóttir, 17 ára, nemar, voru allar gestkomandi að Hátúni 12 umrædda nótt og urðu varar við hávaða um nóttina.

Hulda Mekkín og Þórey sváfu í herbergi á 3. hæð. Þær hafa skýrt svo frá að þær hafi komið um nóttina í Hátún 12 um kl. 04:00 - 05:00. Þær gengu upp stigaganginn og sáu Theodór Jónsson sofandi í hjólastól sínum. Þær urðu einskis varar á leiðinni upp í herbergið og sofnuðu þar að vörmu spori.

Þórey Guðmunda kveðst hafa vaknað við skelli eða óp. Skellirnir hafi verið líkastir hurðaskellum eða fótastappi eða að einhver væri að reyna að komast inn eða barið væri í útidyrhurð. Þessum höggum eða skellum hafi fylgt veik vein eða óp. Veinin hafi ekki verið kröftug og ekki var hægt að greina hvort þau kæmu frá einhverri manneskju. Henni datt í hug, þar sem þessi vein voru áamtleg, að þau kæmu frá manneskju sem væri að reyna að komast inn eða út. Þetta hafi ekki staðið lengi yfir, en skömmu síðar leit hún á klukkuna og var hún þá 06:00. Þórey Guðmunda kvað Huldu Mekkín hafa vaknað við þetta líka, en hún hafi sagt að líklega væri þetta bara gnauðið í vindinum, og hafi hún látið það gott heita.

Framburður Huldu Mekkínar var á sama veg og Þóreyjar Guðmundu, og lýsing þeirra á hávaðanum sem þær heyrðu var á svipaðan veg. Henni fannst eins og einhver væri að veina. Þessir skellir og vein, sem fylgdu

þeim, hafi endurtekið sig nokkrum sinnum með stuttum hléum. Hún hafi vaknað við þessa skelli og þeir endurtekið sig áfram nokkra stund eftir að hún vaknaði. Hulda vildi ekki taka undir það með Þóreyju Guðmundu að þessi hljóð líktust veini til að hræða hana ekki, en hún var þess fullviss að veinin kæmu frá konu.

Hafðís Björg svaf í herbergi í sama gangi og íbúð X, en á milli þess og íbúðar hinnar látnu er íbúð.

Hafðís Björg kveðst hafa sofnað laust eftir miðnætti. Hún hafði sofið drjúga stund þegar hún heyrði háreysti frá karli og konu og taldi hún að þau hafi verið á ganginum skammt fyrir utan herbergið, þar sem hún svaf. Taldi hún ólíklegt að hljóðið hafi borist úr næstu íbúðum og var næsta fullviss um að parið hafi verið á ganginum. Hún heyrði að þau voru að „ströggla“ og konan maldaði í móinn og vildi greinilega ekki það sem maðurinn vildi, því hún sagði „nei, nei“, og fór ekki á milli mála að þau greindi á um eitthvað. Skömmu seinna heyrði hún hurðaskelli, en varð einskis vör eftir það. Henni fannnst strax að hún kannaðist við rödd konunnar þótt hún kæmi henni þá ekki fyrir sig, en konan hafi virst vera með málgalla eða eitthvað í þeim dúr. Þegar hún vissi málavexti síðar fékk hún á tilfinninguna að það hafi verið rödd X sem hún heyrði, en hún hafði nokkrum sinnum áður talað við X þótt hún þekkti hana ekki.

Vitnið Eiríkur Örn Gíslason, 65 ára húsvörður, sem býr á sama gangi og íbúð hinna látnu var í, hefur einnig skýrt svo frá að hann hafi vaknað upp við hávaða um kl. 04:30 um nóttina. Þessi hávaði hafi verið líkastur höggum í gólf eða að stappað væri í gólf. Hann heyrði engin vein eða mannsraddir eða því um líkt og áttaði sig ekki á hvaðan hávaðinn barst, enda væri hljóðbært í húsinu. Hann sofnaði við svo búid og vaknaði skömmu síðar og fór til vinnu. Var þá allt með eðlilegum hætti.

Vitnið Þór Jóhann Vigfússon leigubifreiðarstjóri hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið karlmanni frá Hátúni 12 að Reykási 19 eða 23 umrædda nótt. Þetta hafi verið undir morgun milli kl. 05:00 - 07:00, og bjart var orðið, en ekki gat hann borið nánar um tímenn. Lýsing hans á farþeganum kemur heim og saman við ákærða. Hann hafi verið „þvældur“ og mjög hljóðlátur, en að öðru leyti veitti hann farþeganum ekki athygli.

Í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, um krufningu á líki X segir m.a. um skoðun á líkinu á vettvangi:

„Á herbergisgólfi, klæddu þunnu filtkenndu gólfteppi lá konulík á bakinu og veit ví. vangi niður og hendur niður með síðum, lítið eitt út á við og eru fingur krepptir. Konan er klæðlaus að neðanverðu og er aðeins í rauðri skyrtu og þar innan undir svörtum netbol, en með þunna, hvíta sokka á fótum. Líkið er alstirt, grænleitir flekkir á kvið. Líkblettir eru á bakflötum en teygja sig upp á hnakka og fram á enni, meir hæ. megin.

Hárið er ljósskollhært og í hnakka er blóðstorka og hefur blóðið vætlað niður í gólfteppið og myndað hringlaga upplitaðan blett í teppinu. Vi. vangi er þétt klemmdur við gólfið og hefur blóð sígið mjög áberandi niður á vi. augnalok og myndar þar kepp. Dál. þornuð rauðbrúnleit skán er á vörum og rauðbrúnleit vilsa kemur úr vi. munnviki. Ekkert sérstakt greinist í eyrum og ekki er að sjá áverkamerki á hálsi. Svo er að sjá sem nokkurt mar sé á hnúa löngutangar hæ. handar. Brjóstin eru smá og voru klæði dregin upp á þau mið og er hörundið ljósara þar sem klæðin hafa hulið. Áverkamerki er þar ekki að sjá. Á hæ. mjöðm svarandi til framhluta mjaðmarkambins sést eilítill afriða og mar. Mælist marið 4 x 6 cm. Í framhaldi af því er örlítið rauðleitt mar 2 x 1 cm, 4 cm frá mjaðmarkambinum. Framan til á vi. læri er bláleitur, hringlaga marblettur 2 cm í þvermál. Fersk, grunn afriða er á vi. síðu 5 cm ofan við mjaðmarkambinn og mælist hún 2 x 1 cm. Örlítið rauðbrúnleitt klístur er á miðjum vi. kálfa innanvert og framan til.

Ytri kynfæri: Skapahár er ljósskollitað og er þar ekki að sjá nein áverkamerki, en svo er að sjá, sem konan hafi haft blæðingar og er tíðabindi undir hæ. rasskinn líksins og má sjá blóðstorku aftan til á skapabrúnum og á spönginni.

Höfuðáverkar: Talsvert blóð er í hárinu. 12 cm ofan við hæ. eyra, 1 cm frá miðlínu er höggvið, aflangt sár í stefnu fram og aftur, sem mælist 1.9 cm að lengd og gapir lítið eitt, u.þ.b. 0.5 cm að breidd. Út úr því vætlað blóð þegar stutt er á og finna má gúl af blóði í vefjunum umhverfis.“

Þá segir í skýrslunni m.a. um krufninguna:

„Þann 15.09. 1986 er því að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins gerð réttarkrufning á líki X.

Krufningin:

..... Ekkert sérstakt athugasvert er að finna á baki ..... Það er ekki að sjá áverkamerki í mjúkvefjum háls eða brjóstakassa. Rif eru heil .....

Innri kynfæri: ..... Leghalsinn er eðlilegur. Engin áverkamerki er að sjá á skapabörnum né í leggöngum eða leghálsi. Þegar legið er opnað sést að slímhúðin er rauðleit og blóð í legholi svo sem um blæðingar væri að ræða. Eins og lýst er í vettvangslýsingu er blóðstorka á aftari hluta skapabarma og yfir á spöngina. Hymen myndar lága samfellda fellinguna (0.8 cm), sem þrengir ekki introitus til neinna muna. ....

Miðtaugakerfi: Þegar höfuðleðri er flett af sést betur áverkni sá, sem lýst er að framan en það er höggvið sár (laceration) 1.9 cm að lengd og 0.5 cm að vidd í stefnu fram og aftur lítið eitt hæ. megin á hvirfli til móts við hæ. eyra. Undir höfuðleðrinu er mikil blæðing, sem fleygar sig alveg fram á enni og aftur á hnakka og til beggja hliða yfir temporal vöðva. Blóðið hefur myndað storku yfir beinhvelfingunni en ekki finnst neitt á

beininu. Þegar höfuðkúpan hefur verið opnuð sést að það er ekki um brot að ræða en kúpubeinin eru þykk. Yfir vi. heilahveli er nokkur blæðing subarachnoidalt á svæði, sem spannar u.þ.b. 8 x 6 cm. Um er að ræða fremur þunna slæðu af blóði. Heilavefurinn virðist nokkuð bjúgmikill og meyr, en ekki er að sjá sem blæðing hafi teygst sig inn í vefinn og heilaeð-arnar virðast eðlilegar við yfirborðsskoðun. Heilinn er fixeraður til nánari rannsóknar.

Lýsing á heila: Dura, yfirborðsbláæðar, circulus arteriosus og heilataugar eðlilegar. Hvolfflötur hægra heilahvels er með samanþjöppuðu útliti og tentorial mark á uncus dxt. er skarpt. Yfir hvolffleti vi. heilahvels neðanverðum og niður á grunnflöt lobus temporo-occipitalis sin. er þunn, fersk subarachnoidal blóðslikja. Vermis superior cerebelli er nokkuð teygður upp og lítið eitt færður yfir miðlínu til vinstri. Vottur af subarachnoidal blóðstorku er í yfirborði litla heila. Stóra heilasneiðar eru ómarkverðar nema nokkuð er um rotnunarbreytingar (gascystur).

Sneiðar frá heilastofni og litla heila eru eðlilegar.

Smásjárskoðun: Nokkurra rotnunarskemmda var farið að gæta í líkamsvefjum, en ekki fundust nein sjúkleg merki í sneiðum úr innri líffærum. Blóðfylla og vessi sést í lungum.

Sýni úr leggöngum tekið introitus sýndi ekki sæðisfrumur. Sjá nánar meðfylgjandi rannsóknablað (nr. Cy-2021/86) frá rannsóknastofu Krabbameinsfélagsins, sem hér fylgir með í ljósriti.

Teknar voru röntgenmyndir af líkinu þann 19.09. 1986 með tilliti til hugsanlegs áverka á hálsliði. Samkvæmt álitserð Ásmundar Brekkans, prófessors á röntgendeild Landspítalans, sáust ekki brot eða önnur merki um áverka á röntgenmyndum þessum. Sjá svar röntgendeildar Landspítalans, dagsett 22.09. 1986, sem hér fylgir með í ljósriti.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegra rannsókna (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem hér fylgir með í ljósriti, fannst etanol ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi hinnar látnu.

Við lyfjaleit fannst vottur af koffeini en engin önnur lyf eða efni sem skýrt geti andlát konunnar.

Smásjárskoðun á heila: Skoðuð er sneið frá vi. lobus frontalis sem er eðlileg nema fersk blæðing er í spatium subarachnoidale.

Heilasneiðar eru eðlilegar, utan rotnunarbreytingar. Smásjárskoðun staðfestir macroscopiska greiningu á nokkurri subarachnoidal blæðingu. Ekki tókst að finna blæðingarstað. Þyngd heilans er meiri en eðlilegt (ca 1250 g) er.

Ályktun: Krufning sýndi mikinn áverka á mjúkvæfi höfuðsins, þar á meðal höggskurð (laceratio) á hvirfli og mikið mar á höfðinu vi. megin. Blóð var yfir vi. heilahveli undir mjúku heilahimnunum og heilinn reyndist

þyngri en telja verður eðlilegt. Framanskráðir áverkar hafa valdið dauða konunnar.

Minni áverkar voru annars staðar á líkinu en hafa ekki verið meðverkandi að dauða.“

Gunnlaugur Geirsson prófessor í réttarlæknisfræði og Skúli Johnsen borgarlæknir hafa báðir komið fyrir dóminn.

Prófessor Gunnlaugur kvað ekki unnt að kveða á um dánarstund stúlkunnar. Það langt hafi verið liðið frá dauða hennar, er hann kom á vettvang, að ekki hafi verið unnt að beita tæknilegum aðferðum svo sem greiningu hitastigs líkamans, en líkið hafi verið alveg kólnað. Hins vegar væri ljóst að lengra hefði liðið en 20 - 24 klukkustundir, því áhrif sýkla hafi verið byrjuð í kviðarholi, sem benti til þess að stúlkan hafi verið látin í lengri tíma en sólarhring. Á 20 - 24 klst. nái lík venjulegum umhverfishita, en það sé háð ytri aðstæðum hverju sinni, svo sem klæðnaði líks. Hann kvað sár á hnakka líksins vera höggvið sár. Hins vegar væri ekki að sjá að eggvopni eða skorpuvopni hafi verið beitt, heldur hafi fremur verið um að ræða högg eftir sljóvan hlut, t.d. þannig að stúlkan hafi fallið á harðan flöt, þannig að holdið hafi höggvist af beininu. Erfitt væri að svara á afgerandi hátt hvort áverkinn hefði hlotist eins og ákærði lýsir, en meiri líkur væru á að hann hafi myndast við fall á ofn eða gluggakistu. Hins vegar væri ekki útilokað að sárið hefði myndast við þau átök, sem ákærði lýsir, en í hverju tilviki hljóti það að fara eftir hlutfalli þess afls, sem beitt er og því sem lent er á. Hann taldi þó líklegra að áverkinn hefði myndast t.d. við fall á bjórdósina eða ámóta hlut. Hann bar að á augnloki vinstra auga líksins væru marflekki, en aðrir flekki væru líkblettir. Yfir kúpuhverfingu hafi einnig verið mikið mar svo og frá sári á hnakka fram á vinstra augnlok. Mjög torvelt væri að greina flekki á vinstri kinn vegna litar myndanna af líkinu, en taldi þó frekar um líkbletti að ræða, því liturinn benti til rotnunarmyndunar. Hann bar að heili líksins hefði reynt þyngri en telja verður eðlilegt, sem benti til þess að við höfuðáverkan hafi myndast bjúgur og blæðing orðið í heilavef, sem hafi valdið dauða stúlkunnar.

Skúli Johnsen borgarlæknir skýrði svo frá að af þeim merkjum, sem fram komu við líkskoðun hans, megi ráða að stúlkan hafi látist 30 - 36 klst. áður. Stirðnunargráða, hiti við snertingu á líkinu og stofuhiti hafi gefið þetta til kynna, en stirðnunarmerki hafi örlítið verið byrjuð að hverfa.

Í málinu var lögð fram umsögn Hauks Þórðarsonar yfirlæknis um sjúkrasögu og sjúkdóm X.

Í umsögninni kemur m.a. fram að varanleg fötlun hennar hafi verið þrenns konar: hreyfihömlun, heyrnarskerðing og talskerðing. Hreyfihömlun hennar hafi falist í skertri stjórn á hreyfingum og beitingu þeirra. Þetta

hafi komið fram í gönglulagi hennar, sem var dálítið „slettið“. Það sama hafi komið fram í hreyfingum bols og höfuðs. Hún hafi verið handlagin en stjórnskerðing í handahreyfingum hafi þó háð henni verulega við fingerðari verkefni. Þrátt fyrir hreyfihömlunina hafi henni með tímanum tekist að verða einfær um persónulegar daglegar athafnir. Þá hafi X haft umtalsverða skerðingu á heyrn á báðum eyrum og framburður hennar hafi verið þvoglulegur og fremur óskýr. Kunnugir hafi þó ekki átt erfitt með að skilja hana, en tjáningarmöguleikar hennar gagnvart ókunnugum hafi verið nokkuð skertir. Þrátt fyrir þessa fötlunarþætti hafi X tekið út góðan andlegan þroska. Samskipti hennar við fólk hafi verið með ágætum og öðrum til fyrirmyndar. Hún hafi verið eðlisgreind og vinnusamur nemandi og lokið stúdentsprófi frá öldungadeild Hamrahlíðarskóla árið 1986.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn. Hófst hún 21. september sl. og var framkvæmd af Hannesi Péturssyni yfirlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 13. október sl. Í henni eru rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðarins, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun og rannsóknir og geðskoðun. Í lok skýrslunnar segir:

*„Ályktun:*

Ljóst er að Árni Óli Friðriksson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiri-háttar taugaveiklun eða greindarskort. Ekki greinast heldur merki um alvarlegar persónuleikatrufnanir, svo sem merki um andfélagslega hegðun eða þess háttar. Hins vegar virðist Árni vera fremur lokaður tilfinningalega og hann virðist á stundum afneita eða forðast að horfast í auga við erfiðleika. Hins vegar virðist Árni leggja sig sérstaklega fram um að reynast dyggðugur einstaklingur.

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir atviki því er Árni sætir nú kærur fyrir, þá verður það ef til vill best skoðað í ljósi framan-greindra skapgerðareinkenna samfara mikilli áfengisneyslu fyrir umræddan atburð. Auk þessa er ljóst að þau hjónin, Árni og Guðný, hafa átt við mikla og langvarandi fjárhagsörðugleika að stríða og hafa nýlega tapað öllum sínum eigum, þar á meðal íbúðarhúsnæði. Þessar aðstæður hafa án efa valdið miklu tilfinningalegu álagi hjá þeim báðum, og kom jafnvel til umræðu í ágústmánuði síðastliðnum að þau hjónin slitu samvistum vegna þessa.

Að síðustu er ljóst að Árni hefur að líkindum verið mjög ölvaður umrædda nótt og kann það að skýra að hluta þær minnstrufnanir sem voru áberandi, einkum í fyrstu. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dóm-greind Árna Óla Friðrikssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

Sigurðisli Skúlason, sálfræðingur á Geðdeild Borgarspítalans, lagði fyrir ákærða sálfræðiþróf, þ. á m. greindarþróf Wechslers fyrir fullorðna. Samkvæmt því reyndist greindarvísitala ákærða 106 og telst ákærði samkvæmt því í góðu meðallagi gefinn.

*Niðurstöður:*

Ákærði hefur játað að hann hafi umrædda nótt reynt að þvinga X til samræðis þrátt fyrir óvilja hennar og kröftuga mótspyrnu, en hún var, svo sem ákærða var kunnugt, verulega hreyfihömluð. Hann er einn til frásagnar um átök þau sem áttu sér stað í íbúð stúlkunnar og leiddu til dauða hennar. Hefur hann borið að hann hafi neytt aflsmunar með því að halda um hendur og fætur stúlkunnar, sem sífellt streittist á móti og síðar fækkað hana klæðum. Þegar henni tókst að standa á fætur hafi hann tekið um báða fótleggi hennar og kippt þeim að sér þannig að stúlkan féll kylliflöt á gólfið. Því næst settist hann klovvega yfir hana, tók um höfuð hennar og skellti því af afli a.m.k. tvisvar í gólfið, en við svo búið lá stúlkan hreyfingarlaus á gólfinu. Sú frásögn ákærða að stúlkan hafi eftir þetta staðið upp, gengið á eftir honum og ýtt við honum þegar hann var á leiðinni út, en hann þá hrint henni kylliflatrí þykir ótrúverðug í ljósi þess sem á undan var gengið og þess hvar lík hennar fannst. Áverkar á höfði stúlkunnar þykja benda til þess að ákærði hafi beitt hana meira harðræði en hann hefur viljað viðurkenna, enda benda ummerki í íbúðinni ekki til þess að stúlkan hafi dottið utan í eitthvað í átökunum. Hins vegar þykir verða að leggja framburð hans til grundvallar þar sem hann er einn til frásagnar. Ekki þykir sannað að það hafi verið ásetningur ákærða að svipta stúlkuna lífi eða að honum hafi mátt vera það ljóst að yfirgnæfandi líkur væru á því að bani hlytist af verknaði hans. Verður hann því sýknaður af broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Afleiðingar hinnar stórhættulegu árásar hans á varnarlausu fatlaða stúlkuna í því skyni að þvinga hana til samræðis verða hins vegar metnar honum til gáleysis. Varðar verknaður hans við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði yfirgaf stúlkuna stórslasaða og bjargarlausu eftir árásina. Hefur hann borið að hann hafi talið hana vera meðvitundarlausu, en hún hafi andað með sársaukastunum. Ekki verður fullyrt hvenær andlát hennar bar að, en samkvæmt vætti Skúla Johnsen borgarlæknis og Geirs Gunnlaugssonar prófessors í réttarlæknisfræði er talið að hún hafi látist innan við sólarhring frá átökunum. Með því að skilja stúlkuna eftir stórslasaða og varnarlausu og aðhafast ekkert hvorki þá né síðar hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða verður hins vegar ekki

jafnframt refsað fyrir brot á því ákvæði, þar sem ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga þykir tæma hér sök.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá, sem ákærði gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur þann 14. maí 1985 í 2 mánaða varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals. Hefur hann því með háttsemi þeirri sem hér er fjallað um rofið skilorð dómsins. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt sem hér skipta máli.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 verður hin skilorðsbundna refsing samkvæmt framangreindum dómi felld inn í refsingu þá, sem honum verður nú gerð.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 18. september sl. til dagsins í dag, samtals 208 dagar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000,00, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 100.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, sæti 8 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 208 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 100.000,00.